

# F U N D A R G E R ð

**Foreldrafélag Hofsstaðaskóla** hittist á fundi í tónmenntastofu skólans þriðjudaginn 23. nóvember 2010 kl. 20.00. Mættir voru Guðrún Birna Finnsdóttir, Gunnþór Steinar Jónsson, Sigríður Guðlaugsdóttir og Þorgeir Axelsson. Gunnþór sat ekki allan fundinn.

Stjórnin undirritaði prókúrubreytingu hlaupareikningsins sem fer til Gunnþórs sem og heimild inn á heimabanka félagsins.

Farið yfir stöðu á reikningi félagsins. Innistæðan er rúmlega 160 þúsund krónur. Samþykkt að kaupa konfekt fyrir kennarastofuna og skrifa starfsfólki jólakort. Kostnaður við það áætlaður um 8-10 þúsund krónur. Kostnaður vegna greiðslu fyrir jólasvein á jólaskemmtun 30 þúsund krónur.

Guðrún Birna stakk upp á að sýna hverfislögreglunni þakklæti fyrir að standa vaktina við hringtorgið á hverjum skólamorgni og auka þannig á öryggi barna okkar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að gefa þeim konfekt fyrir jólin. Kostnaður ca 10 þúsund krónur.

Samtals kostnaður fyrir þessum þáttum um 50 þúsund krónur.

Þorgeir sagði frá fundi matarnefndar sem hittist í fyrr í dag eftir að hafa tekið hádegismatinn út nokkrum sinnum. Lagt til að senda könnun á alla foreldra í skólanum um ánægju eða óánægju með matinn.

Nota skólapingið til að setja markmið á ýmsum sviðum. Stjórnin mætir öll á skólapingið.

Þorgeir sagði frá athugasemdum sem hann hefði gert vegna smíðastofu þar sem nemendur eru ekki í skóm. Dæmi eru um að börn hafi fengið flís og gangi í sokkum á sagi. Úrbóta sé þörf og einnig með loftræstingu í stofunni.

Sigríður sagði frá verkefninu *Framsögn og foreldrar* og umsókn í sprotasjóð menntamálaráðuneytis í maí 2010. Umsóknin var send í samráði við skólann. Verkefnið er sérstakt átak í að þjálfva nemendur í framsögn með notkun skjávarpa og með aðstoð foreldra eða forráðamanna. Samþykkt að foreldrafélagið taki þátt í að senda inn umsókn til menntamálaráðuneytis.

Rætt um leiðir til að virkja foreldra frekar til þátttöku í foreldrastarfi og til að mæta á fundi. Lagt til að skoða félagslegar leiðir eins og foreldraball, eða einhvers konar samkomur ætlaðar til skemmtunar fyrir foreldra. Tillögur um að sameina fræðslu og skemmtun og einnig að sameina fjáröflun og foreldraskemmtanir. Lagt til að taka málið áfram á næstu fundum.

Sigríður sagði frá því að tækjaefndin hefði fengið 7. bekkinga til liðs við sig við að selja jólakort. Seljist öll kortin verða tekjur af þeim um 250 þúsund fyrir nefndina.

Laufabrauðið er 4. desember og þá mæta allir í stjórninni og hjálpa til.

Fleira ekki gert og fundi slitið.